

**Nd.**

**638. Breytingartillögur**

**[251. mál]**

við frv. til l. um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

**1. Við 3. gr.:**

**a. Við C. Suðausturland.**

**1. Við bætist nýr liður, C4, er hljóði svo:**

Frá línu réttvísandi austur frá Hvítungum (vms 19) að línu réttvísandi suður frá Ingólfshöfða (vms 22) er skipum sem eru 39 metrar að lengd eða minni heimilt að veiða 1. maí til 1. mars með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 4 sjómílur utan við viðmiðunarlínu.

**2. Við bætist nýr liður, C5, er hljóði svo:**

Frá línu réttvísandi austur frá Hvítungum (vms 19) að línu réttvísandi suður frá Ingólfshöfða (vms 22) er skipum, sem eru 26 metrar að lengd eða minni, heimilt að veiða 1. maí til 1. mars með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er í 3ja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins.

**3. C4 verði C6 og breytist þannig, að í stað þess sem segir „Hvítungum (vms 19)“ komi: Ingólfshöfða (vms 22).**

**4. C5 verði C7 og breytist þannig, að í stað þess sem segir „Hvítungum (vms 19)“ komi: Ingólfshöfða (vms 22).**

**b. Við D. Suðurland.**

**1. Við bætist nýr liður, D8, er hljóði svo:**

Skipum, 26 m og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu á tímabilinu 15. febrúar til 16. apríl upp að suðurströnd meginlandsins á svæði, sem takmarkast að austan af línu sem dregin er til lands úr Faxaskersvíta í Vestmannaeyjum um austurbrún Ystakletts og að vestan af línu réttvísandi suðvestur frá Þjórsárósi (63°46'5 n.br., 20°49'0 v.lg.).

**2. Við bætist nýr liður, D9, er hljóði svo:**

Skipum, 26 m og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu á tímabilinu frá 1. janúar til 15. september upp að suðurströnd meginlandsins á svæði, sem takmarkast að austan af lengdarbaug 21°57 v.lg. og að vestan af lengdarbaug 22°32 v.lg.

**2. Við 24. gr. Greinin hljóði svo:**

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1976.

**3. Á eftir 24. gr. komi ákvæði til bráðabirgða, er hljóði svo:**

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Skip, sem áður höfðu notið veiðiheimilda skv. stærðarmælingu 105 brúttórúmllestir og minni og 350 brúttórúmllestir og minni, skulu áfram njóta sömu veiðiheimilda skv. lögum þessum og skip 26 m og minni og 39 m og minni.